

## 1078. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 6. júní 2012 kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0 hæð.

Mætt voru: Stefán Einar Stefánsson, Benedikt Vilhjálmsson, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Eyrún Ingadóttir, Fríður Birna Stefánsdóttir, Hildur Mósesdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Jón Magnússon, Kristjana Þ. Jónsdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Óskar Kristjánsson, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigurður Sigfússon, Helga Árnadóttir framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Stefán Einar lagði fram fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt og undirrituð.

Jóhanna S. mætti kl. 17:55

Ólafía Ása mætti kl. 18:00

#### 2. Verkaskipting stjórnar

Stefán Einar lagði fram skjal sem var tillaga að verkaskiptingu stjórnar og fór yfir efni þess.

Umræður.

Við umræður um skjalið komu fram tillögur um breytingar í þá veru að Birgir Már kæmi í Laganefnd í stað Jóhönnu S., Fríður Birna færi í Vefráð og að Benóný Valur kæmi í stað Sigurðar í Jafnréttisnefnd. Einnig stakk Eyrún uppá því að auglýst yrði eftir einum nefndarmanni úr röðum trúnaðarmanna í bæði Nefnd um starfsmenntamál og í Ritnefnd VR-blaðsins.

Að þessum breytingartillögum fram komnum var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Hin samþykkt tillaga um verkaskiptingu stjórnar lítur þannig út:

**Kjörstjórn VR**

Formaður tilnefndur af LÍV/ASÍ  
Guðmundur B. Ólafsson  
Árni Leósson  
Teitur Lárusson (varam.)

**Öryggisnefnd**

Árni Leósson  
Einar Nikulásson  
Elías G. Magnússon  
Rannveig Rögnvaldsdóttir  
Viktor E. Viktorsson

**Húsnæðisnefnd**

Bjarni Þór Sigurðsson  
Hildur Mósesdóttir  
Jón Magnússon  
Benóný Valur Jakobsson  
Hreinn Sigmarsson  
Óskar Kristjánsson  
Helga Árnadóttir  
Stefán Einar Stefánsson

**Jafnréttisnefnd**

Kristjana Þ. Jónsdóttir  
Benóný Valur Jakobsson  
Ragnar Þór Ingólfsson  
Magnea Davíðsdóttir  
Helga Árnadóttir

**Vefráð**

Steinunn Böðvarsdóttir  
Bjarni Þór Sigurðsson  
Fríður Birna Stefánsdóttir  
Viktor E. Viktorsson

**Laganefnd**

Ásta Rut Jónasdóttir  
Birgir Már Guðmundsson  
Hildur Mósesdóttir

**Eineltisteymi**

Kalla Björg Karlsdóttir  
Elías G. Magnússon  
Guðmundur B. Ólafsson

**Ritnefnd VR-blaðsins**

Anna B. Siggeirsdóttir  
Bryndís Guðnadóttir  
Birna G. Guðmundsdóttir  
Rannveig Rögnvaldsdóttir  
Steinunn Böðvarsdóttir  
Eyrún Ingadóttir  
Guðrún Jóhannsdóttir

**Endurskoðunarnefnd  
kosningalaga**

Fríður Birna Stefánsdóttir  
Kristjana Þ. Jónsdóttir  
Benóný Valur Jakobsson  
Sigurður Sigfússon  
Stefán Einar Stefánsson

**Eftirlitsnefnd**

Björn H. Björnsson  
Bryndís Guðnadóttir  
Sólrun Ástvaldsdóttir

**Nefnd um starfsmenntamál**

Stefán Einar Stefánsson  
Eyrún Ingadóttir  
Fríður Birna Stefánsdóttir  
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir  
Óskar Kristjánsson  
Steinþór Ásgeirsson

**Stjórnarsetunefnd**

Sigríður Stefánsdóttir  
Jóhanna S. Rúnarsdóttir  
Ragnar Þór Ingólfsson  
Guðmundur B. Ólafsson  
Sara Lind Guðbergsdóttir

**Gæðaráð**

Helga Árnadóttir  
Kristjana Þ. Jónsdóttir  
Magnea Davíðsdóttir  
Árni Leósson  
Viktor E. Viktorsson  
Rósmarý Úlfarsdóttir  
Sara Lind Guðbergsdóttir

### 3. Aðalfundur deilda VR á Austurlandi og Vestmannaeyjum

Stefán Einar sagði frá þessum fundum en hann sótti báða fundina og bar félagsmönnum okkar á svæðunum kveðju stjórnar VR. Kristín María Björnsdóttir var endurkjörin formaður deildarinnar á Austurlandi.

### 4. Samstarfsverkefni um námskeið í fjármálalæsi

Stefán Einar lagði fram skjölin; „*Minnisblað*“, dags. 01.06 2012, „*Drög*“, „*Viðauki 1*“ og „*Viðauki 2*“ en það eru drög að samningi um vefnámskeið og diplóma í fjármálalæsi fyrir 300 félagsmenn VR sem hugmynd var um að gera við fyrirtækið ABCD ehf. Fyrirtækið myndi samkvæmt samningnum skuldbinda sig til að kynna námskeiðið meðal fyrirtækja þar sem félagsmenn VR eru í meirihluta. Gera síðan samninga við þau fyrirtæki sem það kjósa þannig að þeir félagsmenn VR sem starfi þar, og taki námskeiðið, fái umbun í formi kaupauka eða aukafrídags.

Umræður.

Eftir umræður var ljóst að nokkrir hnökrar eru á málinu sem Stefán Einar og Árni vinna áfram.

Frestað.

### 5. Útgáfa VR-blaðsins það sem eftir líður árs

Stefán Einar lagði fram skjalið „*Minnisblað*“ dags. maí 2012, en það var samantekt á framkomnum hugmyndum um innihald næstu þriggja tölublaða VR-blaðsins. Fór Stefán Einar yfir efni þess en þar kom m.a. fram að hugmyndin sé að fækka útgáfum í haust en vera þess í stað með eitt veglegt og stórt blað í lok september sem innskotsblað og væri því dreift á öll heimili í landinu. Sagði Stefán Einar einnig frá því að ritstjóri VR-blaðsins væri nú í leyfi og hefði verið samið við Birnu G. Guðmundsdóttur um að vinna blaðið á meðan og hefði hún stýrt síðustu tveimur blöðum.

Nú kæmi svo ritnefnd inn í málið og þetta unnið áfram.

Umræður.

Í umræðum komu fram ýmsar hugmyndir og þá þær helstar að hafa sérstaka umfjöllun um réttindi ungs fólks í VR, að hafa viðtal við Stefaníu Magnúsdóttur, myndir frá hátíðarsamkomu á Uppstigningardag, bjóða upp á leit í efni VR-blaða á vefnum og fá aldursgreiningu á þeim hluta könnunar Capacent sem snýr að lestri VR-blaðsins, ofl.

### Styrkbeiðnir

#### a. Líknaðfélagið Höndin

Stefán Einar lagði fram skjalið „*Umsókn til VR*“ dags. 22.05 2012 sem var umsókn um fjárhagsstyrk vegna reksturs samtakanna Höndin sem eru

stuðningssamtök fólks sem hefur orðið fyrir áföllum.  
Hafnað.

Virðing  
Réttlæti



## 6. Nýir trúnaðarmenn og endurkjörnir

- |                               |                                     |
|-------------------------------|-------------------------------------|
| a. Ingveldur M. Tryggvadóttir | Icepharma (n)                       |
| b. Rakel Ágústsdóttir         | Icelandair Hótel R. Natura (n)      |
| c. Kristveig Björnsdóttir     | Icelandair Hótel R. Natura (n)      |
| d. Eyrún Gyða Gunnlaugsdóttir | IP-fjarskipti (TAL) (n)             |
| e. Helga Björk Pálsdóttir     | Slysavarnafélagið Landsbjörg (n)    |
| f. Hákon Andrés Jökulsson     | Saga Film (n)                       |
| g. Andrea Dögg Færseth        | Bílaleiga Flugleiða (n)             |
| h. Áslaug Alexandersdóttir    | Byko Breidd (n)                     |
| i. Jón Stefán Scheving        | Búr ehf (n)                         |
| j. Helga Bryndís Jónsdóttir   | Kynnisferðir (e)                    |
| k. Linda Björk Hávarðardóttir | Iceland Excursions - Allrahanda (e) |

Samþykkt.

Óskar vék af fundi kl. 19:50

Fundi slitið kl. 20:25 og ekki fleira gert.  
Árni Leósson, fundarritari